

Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

I. KAFLI Almenn ákvæði.

1. gr. *Almenn ákvæði.*

Þau félög, sem skylt er að semja ársreikninga og eftir atvikum samstæðureikninga skv. lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, skulu semja efnahagsreikning, rekstrarreikning og skýringar í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Ef við á skal ársreikningurinn einnig innihalda skýrslu stjórnar og sjóðstreymisýfirlit. Jafnframt skal áritun endurskoðanda eða staðfesting skoðunarmanns fylgja ársreikningnum ef við á.

Þeir aðilar, sem semja skulu ársreikninga samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um bókhald, nr. 145/1994, en kjósa að semja ársreikninga sína samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga, skulu fara að ákvæðum I.-VI. kafla reglugerðar þessarar.

Stjórnendur skulu leggja mat á mikilvægi við gerð ársreiknings og hvort reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og fjárhagsstöðu félagsins eða samstæðunnar. Stjórnendur skulu í framhaldi af því leggja mat á hvort bæta þurfi við upplýsingum í ársreikning félagsins eða samstæðureikning svo glögg mynd náist, þ.m.t. hvort að birta þurfi sjóðstreymisýfirlit fyrir félag sem annars er ekki skylt að gera slíkt yfirlit, eða birta ítarlegri sundurliðanir, skýringar eða upplýsingar í skýrslu stjórnar en gerð er krafa um í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, eða reglugerð þessari.

II. KAFLI Efnahagsreikningur, rekstrarreikningur og sjóðstreymisýfirlit.

2. gr. *Efnahagsreikningur.*

Efnahagsreikningur skal saminn á kerfisbundinn hátt, sbr. 3. gr., þannig að hann gefi glögga mynd af eignum, skuldum og eigin fé félagsins eða samstæðunnar í lok reikningsárs.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum um framsetningu efnahagsreiknings ef þau leiða til þess að ársreikningur eða samstæðureikningur gefur villandi eða óskýra mynd af efnahag félagsins eða samstæðunnar. Skal þá í skýringum greina frá því af hverju stjórnendur telji að framsetning efnahagsreiknings skv. 3. gr. gefi villandi eða óskýra mynd af fjárhagsstöðu félagsins eða samstæðunnar.

3. gr. *Framsetning efnahagsreiknings.*

Efnahagsreikning skal setja upp með eftirfarandi hætti og skulu einstakir liðir sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum, samanber ákvæði 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006. Skal þá, þess í stað, sundurliða viðkomandi liði í skýringarhluta ársreiknings, eða samstæðureiknings, eftir því sem við á.

Eignir:

1. Fastafjármunir

a. Óefnislegar eignir

1. Þróunarkostnaður

2. Aflaheimildir og sambærilegar eignir

3. Sérleyfi, einkaleyfi og önnur leyfi, byggingarréttur, réttur til vörumerkja og sambærileg réttindi og aðrar sambærilegar eignir

4. Viðskiptavild

5. Fyrirframgreiðslur

b. Efnislegar eignir

1. Lóðir og húseignir

2. Verksmiðjur og vélakostur

3. Bifreiðar, innréttingar, tæki og áhöld

4. Fjárfestingarfasteignir

5. Fyrirframgreiðslur og eignir í byggingu

c. Fjáreignir, þ.m.t. langtímakröfur

1. Fjárfestingar í dótturfélögum

2. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

3. Eignarhlutir í öðrum félögum

4. Lán til dótturfélaga

5. Lán til hlutdeildarfélaga

6. Lán til annarra tengdra aðila

7. Lán til annarra félaga sem félagið á eignarhluti í

8. Verðbréf önnur en veltufjáreignir

9. Önnur lán

d. Aðrir fastafjármunir svo sem skatteign

2. Veltufjármunir

a. Birgðir

1. Hráefni og rekstrarvörur

2. Vörur og verk í vinnslu

3. Fullunnar vörur og vörur til endursölu

4. Fyrirframgreiðslur

b. Skammtímakröfur

1. Viðskiptakröfur

2. Kröfur á samstæðufélög

3. Kröfur á hlutdeildarfélög

4. Kröfur á aðra tengda aðila

5. Kröfur á önnur félög sem félagið á eignarhluti í

6. Aðrar skammtímakröfur

7. Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar óinnheimtar tekjur

c. Verðbréf

d. Handbært fé og ígildi handbærs fjár

Eigið fé og skuldir

3. Eigið fé

- a. Hlutaþétt eða stofnþétt
- b. Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutaþéttar
- c. Endurmatsreikningur
- d. Lögbundinn varasjóður
- e. Þýðingarmunur
- f. Annað bundið eigið fé (heimilt er að sýna þessa sundurliðun í skýringum)
 - 1. Varasjóðir, þ.m.t. óinnleystur hagnaður dóttur- og hlutdeildarféлага, gangvirðisreikningur vegna fjáreigna, bundinn þróunarkostnaður og varasjóðir sem kveðið er á um í samþykktum félagsins
 - 2. Annað eigið fé
- g. Óráðstafað eigið fé (heimilt er að sýna þessa sundurliðun í skýringum)
 - 1. Yfirfært frá fyrri árum
 - 2. Hagnaður eða tap ársins
 - 3. Arðgreiðslur
 - 4. Framlög í varasjóði og aðrar breytingar
- h. Hlutdeild minnihluta (í samstæðureikningum skal í efnahagsreikningi draga fram hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar)

4. Langtímaskuldir

- a. Lífeyrisskuldbindingar og aðrar sambærilegar skuldbindingar
- b. Tekjuskattsskuldbinding
- c. Aðrar skuldbindingar
- d. Breytanleg og/eða víkjandi skuldabréfalán
- e. Skuldir við lánastofnanir
- f. Mótteknar greiðslur inn á pantanir, ef þær eru ekki sýndar sérstaklega sem frádráttur frá birgðum
- g. Viðskiptaskuldir og önnur lán
- h. Skuldir við samstæðufélög
- i. Skuldir við hlutdeildarfélag
- j. Skuldir við aðra tengda aðila
- k. Skuldir við önnur félög sem félagið á eignarhlut í
 - 1. Áfallin, ógreidd gjöld og fyrirframgreiddar tekjur
- m. Aðrar langtímaskuldir

5. Skammtímaskuldir

- a. Næsta árs afborgun breytanlegra og/eða víkjandi skuldabréfalána
- b. Næsta árs afborgun annarra langtímalána
- c. Skuldir við lánastofnanir
- d. Mótteknar greiðslur inn á pantanir, ef þær eru ekki sýndar sérstaklega sem frádráttur frá birgðum
- e. Viðskiptaskuldir

- f. Önnur skammtímalán
- g. Skuldir við samstæðufélög
- h. Skuldir við hlutdeildarfélag
- i. Skuldir við aðra tengda aðila
- j. Skuldir við önnur félög sem félagið á eignarhlut í
- k. Tekjuskattur til greiðslu
- l. Aðrar skammtímaskuldir, þ.m.t. ógreidd opinber gjöld
- m. Ógreidd áætluð gjöld
- n. Fyrirframinnheimtar tekjur

4. gr.

Rekstrarreikningur.

Rekstrarreikningur skal settur upp með kerfisbundnum hætti og í samræmi við ákvæði 5. gr. þannig að hann gefi glögga mynd af afkomu félagsins eða samstæðunnar á reikningsárinu. Í rekstrarreikningi samstæðu skal sýna greiningu á því hversu mikill hluti afkomu ársins tilheyrir hluthöfum móðurfélagsins annars vegar og hlutdeild minnihluta hins vegar.

Í stað framsetningar rekstrarreiknings, sbr. 1. mgr. 5. gr., er heimilt að setja rekstrarreikning upp skv. starfsemiskostnaðarflokkun sé það talið gefa gleggri mynd.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum 1. mgr. um framsetningu rekstrarreiknings í samræmi við ákvæði 5. gr. ef sú framsetning leiðir til þess að ársreikningur eða samstæðureikningur gefur villandi eða óskýra mynd af rekstri og afkomu. Skal í skýringum greina frá því af hverju stjórnendur telji að framsetning rekstrarreiknings í samræmi við áður nefnt ákvæði gefi villandi eða óskýra mynd af afkomu félagsins.

5. gr.

Framsetning rekstrarreiknings.

Rekstrarreikning skal setja fram með eftirfarandi hætti eftir tegund kostnaðar og skulu eftirfarandi liðir sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum en þá skal þess í stað sundurliða viðkomandi liði í skýringarhluta ársreiknings, eða samstæðureiknings, eftir því sem við á.

1. **Hrein velta**
2. **Aðrar rekstrartekjur**
3. **Kostnaðarverð seldra vara** (*heimilt er að sýna þessar sundurliðanir í skýringum*)
 - a. Birgðabreyting fullunninna vara og verka í vinnslu
 - b. Hráefni og rekstrarvörur
 - c. Annar ytri kostnaður
4. **Laun og launatengd gjöld** (*heimilt er að sýna þessar sundurliðanir í skýringum*)
 - a. Laun
 - b. Launatengd gjöld
5. **Önnur rekstrargjöld**
6. **Afskriftir og virðisrýrnun**
7. **Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага**
8. **Fjármunatekjur** (*heimilt er að sýna þessar sundurliðanir í skýringum*)

- a. Vaxtatekjur af lánum til tengdra aðila
- b. Aðrar vaxtatekjur
- c. Matsbreytingar verðbréfa
- d. Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arðstekjur og hreinn gengismunur vegna gjaldmiðlabreytinga sé hann jákvæður

9. **Fjármagnsgjöld** (heimilt er að sýna þessar sundurliðanir í skýringum)

- a. Vaxtagjöld af lánum frá tengdum aðilum
- b. Önnur vaxtagjöld
- c. Matsbreytingar verðbréfa
- d. Annar fjármagnskostnaður, svo sem hreinn gengismunur vegna gjaldmiðlabreytinga sé hann neikvæður

10. **Tekjuskattur**

11. **Hagnaður eða tap af aflagðri starfsemi**

12. **Hagnaður eða tap ársins**

6. gr.

Sjóðstreymisýfirlit.

Sjóðstreymisýfirlit skal sett upp með skipulegum og samræmdum hætti. Skal það framsett þannig að það gefi glögga mynd af breytingu á handbæru fé á reikningsárinu og skal yfirlitið sýna breytinguna flokkaða eftir rekstrarhreyfingum, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum. Sjóðstreymisýfirlit skal samið annaðhvort eftir beinni aðferð eða óbeinni aðferð í samræmi við settar reikningsskilareglur.

III. KAFLI

Framsetning skýringa.

7. gr.

Skýringar.

Í skýringum í ársreikningi, eða samstæðureikningi ef við á, skal veita nauðsynlegar upplýsingar og sundurliðanir með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og sjóðstreymisýfirliti. Ársreikningur og samstæðureikningur, ef við á, skal að lágmarki innihalda skýringar sem tilgreindar eru í V. kafla laga um ársreikninga, nr. 3/2006, eftir því sem við á, ásamt upplýsingum um reikningsskilaaðferðir.

Upplýsingar í skýringum skulu vera það ítarlegar að þær geri notendum ársreikningsins, og samstæðureikningsins ef við á, kleift að leggja mat á eðli og fjárhagsleg áhrif viðskipta og annarra atburða á rekstur og efnahag félagsins eða samstæðunnar. Stjórnendur skulu leggja mat á mikilvægi og hvaða upplýsingar eru viðeigandi til að tryggja að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu félagsins eða samstæðunnar, fjárhagsstöðu og ef við á breytingum á handbæru fé. Hversu ítarlegar upplýsingar og sundurliðanir eru veittar í skýringum byggist því á mati stjórnenda. Við það mat skal meðal annars taka tillit til stærðar og umfangs rekstrar- og efnahagsreiknings og þarfa þeirra sem nota reikningsskilin. Stjórnendur skulu því leggja mat á hvort bæta þurfi við upplýsingum í ársreikninginn og samstæðureikninginn, ef við á, svo að glögg mynd náist, þar með talið hvort nauðsynlegt sé að birta ítarlegri sundurliðanir og skýringar en gerð er krafa um í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, eða reglugerð þessari.

Í viðauka A er að finna yfirlit yfir upplýsingar sem nauðsynlegt kann að vera að veita að hluta til eða í heild vegna tiltekinna liða til viðbótar við kröfur V. kafla laga um ársreikninga, nr. 3/2006, svo ársreikningur eða samstæðureikningur gefi glögga mynd. Upptalningin er ekki tæmandi.

IV. KAFLI

Skýrsla stjórnar.

8. gr.

Í skýrslu stjórnar skal upplýsa um aðalstarfsemi og gefa yfirlit yfir þróun, stöðu og árangur í rekstri félagsins ásamt lýsingu á megináhættu- og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir. Hversu ítarlegar upplýsingar þarf að veita ræðst m.a. af því hversu margbrotin starfsemin er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félags.

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að skilja þróun og árangur í starfsemi félagsins skal yfirlitið fela í sér lykilvísbenda um fjárhagslegan árangur og, ef við á, um ófjárhagsleg atriði sem gætu t.d. tengst starfsmannamálum, þekkingarforða og óefnislegum eignum. Einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna skulu í samræmi við ákvæði 66. gr. d. í lögum um ársreikninga einnig láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar ófjárhagslegar upplýsingar um áhrif starfseminnar á m.a. umhverfi. Lítil félög og örfélög eru undanþegin ákvæðum þessarar málsgreinar.

9. gr.

Í félagi sem gefið hefur út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins skal hver og einn stjórnarmaður, í samræmi við ákvæði 66. gr. b. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur nafn hans og verksvið innan stjórnar félagsins. Í yfirlýsingunni skal koma fram að samkvæmt bestu vitneskju stjórnarmanna geymi skýrsla stjórnar glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Í þeim tilfellum þar sem upplýsingar þær er veita skal, þannig að glögggt yfirlit náist, eru hluti af upplýsingagjöf stjórnenda skal í skýrslu stjórnar vísa til upplýsinganna með þeim hætti að ótvírætt sé að þær teljist í skilningi laga hluti af skýrslu stjórnar í ársreikningi.

10. gr.

Félagi sem ber að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína, sbr. ákvæði í 66. gr. c. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, skal í upplýsingagjöf um helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar í tengslum við reikningsskilaferlið einnig gera grein fyrir þeim þáttum innra eftirlits og áhættustýringar sem liggja að baki viðbótarupplýsingagjöf sem telst í skilningi laga til skýrslu stjórnar.

V. KAFLI

Samstæðureikningur.

11. gr.

Gerð samstæðureiknings.

Þegar félag fer með yfirráð yfir öðru félagi telst hið fyrra vera móðurfélag en hið síðara dótturfélag og skal þá móðurfélagið, auk ársreiknings, semja samstæðureikning, sbr. þó 68.-70. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006.

Undanþágur skv. 68.-70. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, gilda ekki þegar eitt félaganna, sem fella á undir samstæðuna, er félag með verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Samstæðureikning skal semja samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um ársreikninga, nr. 3/2006, og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, skýringar og skýrslu stjórnar ásamt áritun endurskoðanda. Samstæðureikningur skal gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé samstæðunnar.

Ef félag, sem ekki þarf að semja samstæðureikning skv. 68.-70. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, semur slíkan reikning skal það gert samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna. Ekki er skylt að skila slíkum reikningi

til ársreikningaskrár til opinberrar birtingar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessar varða viðurlögum, sbr. XII. kafla laga um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum og IV. kafla laga um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

13. gr.
Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr. og 127. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006 og 42. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994, öðlast þegar gildi. Reglugerðin skal gilda um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga sem samdir eru fyrir hvert reikningsár sem hefst frá og með 1. janúar 2019. Heimilt er þó að taka hana upp fyrir.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. júlí 2019.

F. h. r.

Ingvi Már Pálsson.

Harpa Theodórsdóttir.

Fylgiskjal.

[Hlekkur á reglugerð með fylgiskjali á PDF formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.